



Reykjavík, 15.12.2016

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir
"staðgreinireit 1.174.2"
vegna Laugavegs 66-68 og Laugavegs 70
sem samþykkt var í borgarráði þ. 11.04.2003
Höfundar upphaflegs deiliskipulags eru "Arkitektar Gunnar og Reynir sf"

Breytingin felst í því að kröfu um fjölda bílastæða sem fram kemur í kafla 5.0 gr. 5.1 í almennum skilmálum deiliskipulagsins frá 2003 er breytt.

Gildandi almennir skilmálar deiliskipulags eru svohljóðandi:

5.0 Bílastæðakröfur

5.1 Almenn

Við útreikning á bílastæðakröfum nýbygginga, sem byggðar eru þar sem áður hafa staðið byggingar, skal tekið mið af bílastæðainneign þeirra bygginga sem fjarlægðar eru miðað við samþykktu notkun þeirra. Skal við það miðað að ekki þurfi að greiða fyrir eða gera bílastæði nema fyrir það byggingarmagn sem aukið er frá eldri byggingum (þ.e. fyrir viðbótarbyggingarmagn).

Bílastæðainneign skal reiknuð út á grundvelli núgildandi reglna um bílastæði miðað við síðustu samþykktu notkun húsnæðisins. Sömu reglu skal beitt þegar sótt er um að breyta notkun á þegar byggðu húsnæði. Þegar reiknuð er bílastæðapörf vegna atvinnuhúsnæðis skal reikna með 1 bílastæði fyrir hverja 50 m² húsnæðis.

Tillaga að breyttum almennum skilmálum fyrir Laugavegur 66-68 og 70 er svohljóðandi:

5.0 Bílastæðakröfur

5.1 Almenn

Við útreikning á bílastæðakröfum nýbygginga, sem byggðar eru þar sem áður hafa staðið byggingar, skal tekið mið af bílastæðainneign þeirra bygginga sem fjarlægðar eru miðað við samþykktu notkun þeirra. Skal við það miðað að ekki þurfi að greiða fyrir eða gera bílastæði nema fyrir það byggingarmagn sem aukið er frá eldri byggingum (þ.e. fyrir viðbótarbyggingarmagn).

Bílastæðainneign skal reiknuð út á grundvelli núgildandi reglna um bílastæði miðað við síðustu samþykktu notkun húsnæðisins. Sömu reglu skal beitt þegar sótt er um að breyta notkun á þegar byggðu húsnæði. Þegar reiknuð er bílastæðapörf vegna atvinnuhúsnæðis skal reikna með 1 bílastæði fyrir hverja 100 m² gistihúsnæðis og 1 bílastæði á hverja 50 m² vegna atvinnuhúsnæðis.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhverfis- og Skipul. ráði þann 29. mars 2017 og í Borgarráði þann 6. apríl 2017.

Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingartíma og var hún því afgreidd endanlega á embættisafgreiðslufundi skipulagsstjóra þann 26. maí 2017.

Tillagan var auglýst frá 10. apríl 2017 með athugasemdafresti til 22. maí 2017.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Björn Atlán